




Hringur Jóhannesson opnar í dag málverkasýningu að Kjarvalsstöðum og er þetta fimmtánda sýningin, sem Hringur stendur að eða tekur

þátt í hér heima og erlendis, en hann hélt sína fyrstu sjálfstæðu sýningu í Bogasalnum 1962. A þessari sýningu að

Kjarvalsstöðum sýnir Hringur 51 málverk og 43 teikningar. Málverkin eru frá síðustu 3-4 árum, en teikningarnar ná yfir 15 ára tímabil.

Árspaning VÍÓ Ólafsfirði Óskað eftir inngöngu í UMFÍ

MÓ-Reykjavík — Veigamiklar laga- og skipulagsbreytingar voru gerðar á árspaningi Íþróttabandalags Ólafsfjarðar, sem haldið var á laugardaginn var. Þar var m.a. samþykkt tillaga frá formönnum allra aðildarfélaganna, þar sem inngöngu var óskað í Ungmennafélag Íslands. Í framhaldi af samþykkt þeirrar tillögu var samþykkt að samtök in nefnist Ungmenn- og Íþróttasamband Ólafsfjarðar, skammstafað UÍÓ. Aðilar að sambandinu eru Ungmennafélagið Visir, Leiftur og Golfklúbbur Ólafsfjarðar.

Armann Þórðarson, einn stjórnarmanna í stjórn UÍÓ, sagði í viðtali við Tímann, að ástæðurnar fyrir þessari breytingu væru m.a. þær, að með því að vera aðilar að UMFÍ væri hægt að senda keppendur á Landsmót UMFÍ, og einnig er þess vænt, að unnt verði að auka samskiptin við Ungmennasamband Eyjafjarðar.

Gestur á þingi UÍÓ var Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri UMFÍ, og flutti hann erindi um skipulag og starfshætti ungmenntafélagshreyfingarinnar í landinu og svaraði fyrirspurnum þingfulltrúa.


Þá var fjallað um fjármál sambandsins og uppbyggingu íþróttamannvirkja og ýmis framfarverkefni, og að lokum fóru fram kosningar í ýmsar trúnaðarstöður.

Í stjórn UÍÓ eru Stefán B. Ólafsson, Armann Þórðarson og Magnús Stefánsson.

Sýning í Vogunum

Um helgina heldur Patricia Hand sölusýningu í Glæðheimum, Vogum. Patricia, sem er áströlsk að uppruna, en nú búsett í Vogunum, sýnir þarna 39 myndir frá Íslandi, en hún hefur áður sýnt á Mokka í Reykjavík.

Auglýsid í Tímanum



Asta Sigurðardóttir

Norræna húsið: Kynning á verkum Ástu Sigurðardóttur

gébé — Reykjavík — A sunnudag fer fram í Norræna húsinu kynning á verkum Ástu Sigurðardóttur á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar. Asta Sigurðardóttir fæddist árið 1930 og lézt síðast á árinu 1971. Hún lagði stund á leirkerasmíð, málaði, teiknaði, orti ljóð og var snemma talin í hópi fremstu smásagnahöfunda hér á landi. Auk alls þessa var hún menntaður kennari. Tilgangurinn með dagskrá þessari er að minna á góðan listamann, sem ýmsir hafa aldrei kynnt og margir þegar gleymt. Asta var á undan samtíð sinni vegna þess, að enginn hafði fyrr orðið til þess að fjalla svo opinskátt og mannlega um vandamál kvenna sem hún gerir í verkum sínum.

Dagskráin í Norræna húsinu hefst á því, að systir Ástu, Oddný Sigurðardóttir, minnst hennar með nokkrum orðum, en síðan lesa þær Briet Héðinsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir smásögu eftir Ástu, og hefur önnur þeirra ekki birt áður, en hin er tekin úr einu bókinni sem kom út eftir Ástu,

smásagnasafninu „Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns“.

Kristín Anna Þórarinsdóttir les upp ljóð eftir Ástu og Elísabet Gunnarsdóttir kynnir myndir hennar, sem hanga í anddyri Norræna hússins og stendur sú sýning í eina viku. Bergljót Kristjánsdóttir flytur erindi um bókmenntaferil Ástu og að síðustu verður frumflutt tónlist við ljóð eftir Ástu, sem Gunnar Reynir Sveinsson hefur samið í tilefni þessarar listkynningar. Það nefnist Alfaríma fyrir söngródd og kammer-jazz kvintett, og stjórnar höfundur flutningi. Flytjendur eru auk hans, Asta Thorarensen, alt, Viðar Alfreðsson trompet og valdhorn, Gunnar Ormslev tenórsaxafón, Arni Scheving bassi og Alfreð Alfreðsson, trommur.

Þess má geta, að Menningarnefnd Neskaupstaðar og Félagsheimilið Egilsbúð hafa sýnt þessari fyrirhuguðu dagskrá mikinn áhuga og boðið aðstandendum hennar að koma og flytja hana og sýna myndir í Egilsbúð sunnudaginn 6. marz. n.k.



Áhugamenn um bifreiðaíþróttir

Ísaksturskeppni bifreiðaíþróttaklúbbs F.Í.B. verður haldin á Leirtjörn við Ulfarsfell sunnudaginn 27. febrúar n.k. kl. 15. Keppendur mæti með bifreiðar sínar kl. 14.

Stjórnin

Seljum gamlar myntir Vinsamlegast skrifið eftir okkar nýju ókeypis söluskrá.

MÖNTSTUEN Studiestræde 47, DK-1455 København K.

Ellefu ára drengur

óskar eftir að komast í sveit í sumar. Upplýsingar í síma 5-23-87.

Jörð til sölu

Jörðin Steindyr í Svarfaðardal er til sölu, og laus til ábúðar í vor. Ahöfn og vélar geta fylgt.

Upplýsingar í síma 96-22455 fyrir hádegi alla virka daga.

Skrifleg tilboð sendist til Reimars Sigurpálssonar Steindyrum fyrir 10. marz n.k. réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



óskar að ráða:

Útlitsteiknara (lay-out mann)

Blaðamann

Upplýsingar hjá ritstjórum

Samtök psoriasis og exemsjúklinga auglýsa

Sólarferð verður farin til Kanaríeyja 19. marz ef þátttaka verður nóg.

Við greiðum nokkuð niður farseðlana fyrir félaga, þátttakendur þurfa að láta vita innan viku í sínum 91-10734 og 91-25504. Spóex

Höfum kaupendur að eftirtöldum tækjum:

Vörubifreiðum, framdrifs með krana, 2ja öxla, árgærd 1970 eða yngri. Einnig búkka-bíla og frambyggða bíla. Traktor með loftpressu og borum. Traktors-gröfu, árgærd 1968 eða yngri.



Vagnhöfða 3 Reykjavík Sími 8-52-65 Vörubíla- & vinnuvélasala